

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

750. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 11. júní 2012 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Endurskoðun bæklinga um Húnaþing vestra.
2. Íbúðarhúsnæði á Borðeyri.

Afgreiðslur:

1. Leó Örn Þorleifsson, oddviti mætti til fundarins til að ræða um endurskoðun á kynningarbæklingi fyrir Húnaþing vestra sem gefinn var út á sl. ári. Byggðarráð samþykkir að nauðsynlegt sé að ráðast í endurútgáfu bæklinga þegar á næsta ári m.a. vegna sameiningar Bæjarhrepps og Húnaþings vestra.
2. Byggðarráð samþykkir að leigja íbúðarhús sveitarfélagsins á Borðeyri til eins árs. Einnig samþykkt að samræma leigufjárhæð húsnæðisins því sem gildir um almennt leiguhúsnæði sveitarfélagsins.

Samþykkt að taka á dagskrá:

3. Elín R. Líndal gerði grein fyrir aðalfundarboði Hæðarinnar á Höfðabraut ehf. en fundurinn verður haldinn þann 21. júní nk. kl. 15:00 að Höfðabraut 6 á Hvammstanga. Byggðarráð samþykkir að sveitarstjóri verði fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum og oddviti til vara. Þá gerði Elín einnig grein fyrir tillögu Landsbankans um fjárhagslega endurskipulagningu félagsins.
4. Fram lagt bréf framkvæmdastjóra SSNV þar sem fjallað er framkomna hugmynd um kynnis- og námsferð sveitarstjórnarmanna af Norðurlandi vestra til Skotlands vorið 2013. Óskað er eftir afstöðu sveitarstjórna til hugmyndafræðingurinnar og að hún verði kynnt SSNV fyrir 1. júlí nk. Byggðarráð lýsir yfir áhuga á framkominni hugmynd.
5. Sveitarstjóri lagði fram tillögu frá Náttúrufræðistofnun Íslands vegna fyrirhugaðrar úttektar stofnunarinnar sbr. samþykkt sveitarstjórnar frá 12. apríl sl. vegna beiðni Orkufjarskipta hf. um leyfi til lagningar ljósleiðarastrengs um land sveitarfélagsins á Arnarvatnsheiði og Tvídægru. Byggðarráð samþykkir framlagða tillögu og felur sveitarstjóra að tilkynna Náttúrufræðistofnun þá niðurstöðu.
6. Byggðarráð samþykkir að í tengslum við reglulega fundi forstöðumanns tæknideildar og verkstjóra áhaldahúss með byggðarráði leggi þeir fram skriflega greinargerð um helstu framkvæmdir sem í gangi eru á hverjum tíma, framkvæmdum sem lokið er og fyrirhuguðum framkvæmdum, svo og tillögur sínar um lausn einstakra verkefna, eftir því sem við á. Greinargerðin skal vera undirrituð af forstöðumanni tæknideildar og verkstjóra áhaldahúss og skal henni dreift með fundarboði byggðarráðs. Einnig skulu þeir í upphafi hvers árs leggja fyrir byggðarráð tímasetta verkáætlun um framkvæmdir sem samþykktar hafa verið í fjárhagsáætlun.
7. Sigurbjörg Jóhannesdóttir, formaður byggðarráðs tilkynnti að frá og með deginum í dag 11. júní 2012 sé tímabundnu leyfi Skúla Þórðarsonar, sveitarstjóra lokið.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl:

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Stefán Böðvarsson.

Elín R. Líndal.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúar:

Elín Jóna Rósinberg.

Sigurður Kjartansson.